



Hraunvallaskóli
vinátta – samvinna – ábyrgð

Hafnarfjörður
Grunnskólar Hafnarfjarðar
Skólanámskrá

Skólanámskrá Hraunvallaskóla

II. og III. hluti



7. bekkur
Skólaárið 2025 - 2026

Skólanámskrá Hraunvallaskóla.

Útgefin 2025.

Skólanámskrá er útgefin á rafrænu formi (pdf), send foreldrum nemenda í tölvupósti og birt á heimasíðu skóla.

© Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Útgáfustaður: Hafnarfjörður.

Ábyrgð: Lars Jóhann Imsland (skólastjóri Hraunvallaskóla)

Útgefandi: Hraunvallaskóli (Hafnarfjarðarbær)

Drekavöllum 9

221 Hafnarfjörður

netfang: hraunvallaskoli@hraunvallaskoli.is

veffang: <http://www.hraunvallaskoli.is>



EFNISYFIRLIT

I. Inngangur.....	4
II. Skólastarf 7. bekkjar	5
II.1. Samantekt kennslu í 7. bekk.....	6
II.2. Áherslur grunnþátta menntunar í 7. bekk	7
II.3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 7. bekk	9
II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.....	10
II.5. Námsmat og vitnisburðakerfi.....	10
III. Náms svið og námsgreinar	11
I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál	12
A. Íslenska.....	12
1.1. Talað mál, hlustun og áhorf.....	12
1.2. Lestur og lesskilningur	13
1.3. Bókmenntir	15
1.4. Ritun	16
1.5. Mál og málnotkun	17
B. Íslenska sem annað tungumál.....	18
1.6. Forstig.....	18
1.7. 1. stig	19
1.8. 2. stig	20
1.9. 3. stig	21
2. Erlend tungumál	23
2.1. Enska.....	23
2.2. Danska	24
3. List- og verkgreinar	26
A. hluti - listgreinar:.....	26
3.1. Sviðslistir – leiklist.....	26
3.2. Sjónlistir - myndmennt	27
3.3. Tónmennt	28
B. hluti:	29
3.4. Heimilisfræði	29
3.5. Hönnun og smíði	30
3.5 Textílmennt	32
4. Náttúrugreinar	34
5. Samfélagsgreinar.....	36
6. Skólaíþróttir	39
6.1. Íþróttir	39
6.2. Sund.....	40
7. Stærðfræði.....	42
7.1. Vinnulag stærðfræðinnar	42
7.2. Tölur og reikningar	43
7.3. Algebra	45
7.4. Tölfræði og líkindi.....	46
7.5. Rúmfræði og mælingar.....	47
8. Upplýsinga- og tæknimennt	49
9. Lykilhæfni	50



I. Inngangur

Í lögum nr. 91 um grunnskóla frá 12. júní 2008 stendur að í hverjum skóla skuli gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá grunnskóla um markmið, inntak náms og námsmat, starfshætti, mat á árangri og gæðum skólastarfs. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu grunnskóla og aðstæðum og skal endurskoða reglulega. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er lögð fram til samþykktar af skólaráði Hraunvallaskóla og Fræðsluráði Hafnarfjarðar.

Skólanámskrá samanstendur af tíu bekkjarnámskrám í heildstæðum grunnskóla. Þetta plagg er ein bekkjarnámskrá og skiptist í inngang (saga skóla) og þrjá meginhluta auk viðauka. I. hluti kynnir menntastefnu skólans sem hefur að geyma þær helstu atriði sem skólinn leggur áherslu á í framkvæmd skólastarfsins. II. hluti kynnir skipulag og sameiginlega þætti í starfsemi viðkomandi bekkis/árgangs. III. hluti er kynning á námssviðum og námsgreinum sem eru hluti náms og kennslu í viðkomandi bekk. Viðauki er loks með upplýsingar og viðmið um gerð skólanámskrárinnar og kynnir uppbyggingu hennar. Viðaukinn er sameiginlegur fyrir alla grunnskóla bæjarins. Framsetning skólanámskrár er á þann hátt að fyrsti hluti er eitt skjal, annar og þriðji hluti eitt skjal og viðauki er eitt skjal.

Hafa ber í huga að starf í grunnskólum tekur alltaf einhverjum breytingum frá ári til árs og því er nauðsynlegt að endurskoða skólanámskrána á hverju ári svo alltaf megi þar finna nýjustu upplýsingar um skólastarfið. Það skiptir einnig miklu máli að allir þeir sem koma að starfinu í skólanum, nemendur, foreldrar og starfsmenn kynni sér vel inntak hennar og séu því vel kunnugir. Allar ábendingar um það sem betur má fara í starfi skólans eru vel þegnar. Skólanámskrá Hraunvallaskóla er aðgengileg á heimasíðu skólans.





II. Skólastarf 7. bekkjar

Í 7. bekk í Hraunvallaskóla eru 57 nemendur, þrír umsjónarkennarar, sérkennari, þroskaþjálfari, námsráðgjafi, kennari sem kennir íslensku sem annað tungumál (ÍSAT), einn stuðningsfulltrúi, einn íþróttakennari, einn sundkennari og sex list- og verkgreinakennarar.

Þrír kennarar eru með árganginn og vinna saman í teymi. Teymið vinnur saman að kennsluáætlun og öðru skipulagi. Hver kennari er með 18 - 20 nemendur í sínum umsjónarhópi sem hann heldur utan um og sinnir foreldrasamskiptum. Að öðru leyti kenna þeir nemendahópnum saman og vinna allan undirbúning að kennslu sameiginlega. Sérkennari kennir í 12 kennslustundir á viku.

Kaflanum er skipt í eftirfarandi hluta:

1. Samantekt kennslu árgangs
2. Áherslur grunnþátta menntunar
3. Kennsluáðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í árganginum
4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf í árganginum
5. Námsmat og vitnisburðakerfi árgangs



II.1. Samantekt kennslu í 7. bekk

Kennslutímar á viku skiptast í eftirfarandi námsgreinar:

Námssvið	Námsgreinar	Tíma fjöldi í skóla á viku
1. Íslenska	1.1. Talað mál, hlustun og áhorf 1.2. Lestur og bókmenntir 1.3. Ritun 1.4. Málfræði	8
2. Erlend tungumál	2.1. Enska 2.2. Danska	2 2
3. List- og verkgreinar	<i>A Listgreinar:</i> 3.1. Sviðslistir (dans og leiklist) 3.2. Sjónlistir (myndmennt) 3.3. Tónmennt	3
	<i>B Verkgreinar:</i> 3.4. Heimilisfræði 3.5. Hönnun og smíði 3.6. Textílmennt	3
4. Náttúrugreinar	4.1. Náttúrugreinar	3
5. Skólaíþróttir	5.1. Íþróttir 5.2. Sund	2 1
6. Samfélagsgreinar	6.1. Samfélagsgreinar	5
7. Stærðfræði	7.1. Tjáning, tungumál, verkfæri, vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar 7.2. Tölur, reikningur, algebra, hlutföll og prósentu 7.3. Rúmfræði, mælingar, tölfraði, líkindi	5
8. Upplýsinga- og tæknimennt	8.0 Samþætt öðrum greinum.	1
Alls		35





II.2. Áherslur grunnpáttar menntunar í 7. bekk

Í þessum árgangi eru áherslur sex grunnpáttar menntunar eftirfarandi í samræmi við stefnu skólans og samhæfir áherslum skólans um forvarnir.

Áherslur grunnpáttar menntunar í árgangi eru sett fram í markmiðum

Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
HEILBRIGÐI OG VELFERÐ:	Það er unnið með heilbrigði og velferð í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á daglega markvissa hreyfingu. Unnið með félagsfærni og samskipti í gegnum dans, leiki og íþróttir. - Lögð er áhersla á að halda uppi umræðum um mikilvægi þess að borða hollt og fjölbreytt fæði (nesti). - Lögð er áhersla á jákvæðan skólabrag með því að mæta styrkleikum hvers og eins. Stuðla að andlegri vellíðan og góðum samskiptum og skapa nemendum rými til að leysa ágreining. Efla samkennd nemenda og öryggi. Vinna að jákvæðri sjálfsmynd og samkennd með smíðjum, hæfileikakeppni og áhugasviði.
JAFNRÉTTI:	Það er unnið með jafnrétti í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á að allir geti verið með öllum óháð kyni eða kynþætti. - Lögð er áhersla á að allir fái tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og njóta sín. - Lögð er áhersla á að bera virðingu fyrir margbreytileika einstaklinga og ólíkum skoðunum. - Lögð er áhersla á jafnrétti, allir geta eitthvað enginn getur allt.
LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI:	Það er unnið með lýðræði og mannréttindi í árganginum þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á að allir eigi jafnan rétt innan hópsins. - Lögð er áhersla á ábyrgð, gagnrýna hugsun, virkni og samábyrgð nemenda. - Lögð er áhersla á að bera umhyggju fyrir fólki, dýrum og umhverfi. - Lögð er áhersla á samvinnu heimilis og skóla.





Grunnpáttur menntunar	Áhersluatriði
LÆSI:	Það er unnið með læsi í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á læsi, félagslæsi, tilfinningalæsi, upplýsinga- og tæknilæsi, læsi í aðstæður og umhverfi. - Lögð er áhersla á frelsi til upplýsingaöflunar og úrlausn verkefna. - Lögð er áhersla á að virkja nemendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir eru að lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
SJÁLFBÆRNI:	Það er unnið með sjálfbærni í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á skynsamlega nýtingu auðlinda og sanngjarna skiptingu þeirra, skilning á eigin vistspori, vistspori samfélaga og þjóða. - Lögð er áhersla á að virða og þekkja náttúruna. Mikilvægi umhverfisverndar og áhrif hvers og eins á umhverfi sitt. - Lögð er áhersla á að gera sér grein fyrir mikilvægi eigin velferðar og annarra.
SKÖPUN:	Það er unnið með sköpun í árganginum út frá stefnu skólans þar sem áherslur grunnpáttarins eru útfærðar í eftirfarandi markmið: - Lögð er áhersla á að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. - Lögð er áhersla á fjölbreytt og skapandi skólastarf. - Lögð er áhersla á frumkvæði og frumleika og stuðla þannig að sköpunargleði og gagnrýnni hugsun.



II.3. Kennsluaðstæður, kennsluáætlanir og kennslugögn í 7. bekk

i. Kennsluaðstæður

7. bekkur er með eitt heimasvæði. Á heimasvæðinu eru tvö glerherbergi og eitt viðbótarherbergi sem kennarar nota við kennslu.

ii. Kennsluáætlanir

Í 7. bekk er lögð áhersla á fjölbreyttar kennslu- og námsaðferðir. Í kennslu er lögð áhersla á hæfniviðmið Aðalnámskrár. Kennslubækur eru notaðar til að styðja þau kennslu- og hæfniviðmið sem unnið er með hverju sinni.

Áætlunarvinna: Nemendur fá vikuáætlun í hverri viku. Í stærðfræði er áætluninni skipt í þrjá liti þannig að hver og einn nemandi geti ákvarðað fjölda þeirra verkefna/dæma sem klárðu eru hverju sinni. **Enginn litur** táknar grunnatriði sem allir þurfa að klára, **ljósblár** táknar þau verkefni sem mikilvægt er að vinna til að festa grunnatriði og **grá** eru til frekari þjálfunar og til að ná enn betri tökum á efni. Ef nemandi klárar ekki áætlun skal hann fara heim með hana á föstudegi og klára heima.

Þema: Náttúrufræði, enska og danska er kennt í hringekju. Stundum er öllum árganginum skipt upp í hópa til að vinna að þemaverkefni í fyrirnefndum greinum. Þemavinna með stærðfræði, íslensku, náttúrufræði og samfélagsfræði í Grúskinu í mars.

Heimanám: Ef nemandi nær ekki að klára vikuáætlun á skólatíma þarf að klára hana heima og skila til kennara þriðjudag í vikunni á eftir. Í hverri viku skulu nemendur **lesa heima minnst 75 mínútur**, þar af 15 mínútur upphátt og skrifa *orð vikunnar* í stílabók þar sem nemendur þjálfu rithátt, orðaforða og stafsetningu, styrkja minni með endurtekningu, auk þess sem nemendur læra að nota orð í fjölbreyttu samhengi sem eykur skilning og tjáningu í textum og samtölum. Þetta styður bæði lesskilning og skapandi málnotkun.

Lögð er áhersla á að hver nemandi fái verkefni við hæfi og/eða unnið að ákveðnum námsmarkmiðum hvers nemanda sem eru misjöfn hverju sinni. Sérkennari vinnur að skipulagi með teyminu eftir þörfum.

iii. Náms- og kennslugögn

Námsbækur og almenn kennslugögn skóla:	Allar nauðsynlegar náms- og kennslubækur (sjá viðkomandi námsgreinar). Aðgangur að ípad og hugbúnaði í skóla. Aðgangur að bókasafni. Spil
Ritföng nemenda og persónuleg hjálpgögn sem nemendur þurfa að hafa/eiga á hverjum tíma:	Nemendur í grunnskólum í Hafnarfirði fá ókeypis stílabækur, möppur og önnur ritföng sem þeir þurfa á að halda í daglegu skólastarfi. Nemendur þurfa að koma með ákveðin ritföng í skólann en það er mismunandi eftir því í hvaða árgangi þeir eru. Námsbækur eru ókeypis eins og alltaf hefur verið. Foreldrar þurfa aðeins að sjá börnum sínum fyrir skólatösku, sund- og íþróttafatnaði og ákveðnum ritföngum.





II.4. Foreldrasamstarf og upplýsingagjöf.

Í hverri viku skrifar teymið fréttabréf til foreldra. Fréttabréfið er um hvað er fram undan (áætlun, regla vikunnar, viðburðir ofl.) og hvað búið er að vinna með sl. viku. Foreldrar eru hvattir til að hafa samband við kennara ef upp koma vangaveltur/spurningar. *Ástundun verður send heim mánaðarlega.*

II.5. Námsmat og vitnisburðakerfi

Námsmat í bekknum greinist í þrennt, leiðsagnarmat, stöðumat og lokamat (út frá hæfniviðmiðum). Framkvæmdin í árganginum er með þessum hætti:

a. Leiðsagnarmat.

Leiðbeinandi námsmat, leiðsagnarmat, fer fram reglulega yfir allt skólaárið í öllum námsgreinum. Í því felst að kennarar nota ýmsar leiðir til að styðja við og leiðbeina nemendum við að ná árangri. Í þessum árgangi er m.a. lögð áhersla á eftirfarandi aðferðir við leiðsögnina:

- hefðbundnar kannanir (skriflegar og/eða munnlegar)
- mat á hæfni til sjálfstæðra vinnubragða og samvinnu
- mat á vinnubrögðum nemenda og skilum á verkefnum
- sjálfsmat
- símat
- virkni
- vinnubækur metnar
- framsögn og tjáning
- kannanir með aðstoðargögnum

b. Stöðumat.

Stöðumat fer fram tvisvar sinnum á skólaárinu með samtali á milli nemanda og foreldra/forráðamanna með umsjónarkennara. Tilgangur stöðumatsins er að veita mat á stöðu nemenda til þeirra sjálfra og aðstandenda þeirra, til að hjálpa þeim við að ná frekari árangri í náminu.

c. Lokamat.

Lokamat fer fram í lok skólaárs þar sem nemandi fær mat á náminu sínu yfir skólaárið. Meginmarkmið þess að veita nemanda yfirsýn yfir stöðu sína eftir nám vetrarins og gefa honum einkunn fyrir frammistöðu sína.





III. Námssvið og námsgreinar

Í þessum hluta námskrárinnar er kynnt áætlun um það nám og kennslu sem stefnt er á að fari fram á skólaárinu í bekknum/árganginum. Aðalnámskrá grunnskóla skiptir viðfangsefnum skólastarfsins í átta skilgreind námssvið og eitt opið (val) en hverju námssviði heyrja mismargar námsgreinar. Fyrir hvert námssvið eru gefin út hæfniviðmið, námshæfni, fyrir 4., 7. og 10. í aðalnámskrá en skólar útfæra fyrir aðra árganga. Sömu leiðis er lýst áherslum í hverri námsgrein árgangs og flokkað eins og tilheyrir hverju námssviði. Megin tilgangur þess er að skýra þær væntingar og áherslur sem eru í náminu svo stefnt sé að sameiginlegu markmiði í skólastarfinu sem öllum sé ljós.

Í einhverjum tilvikum fá sumir nemendur sérstakt námsefni sem hæfa þeim betur en námsefni bekkjar og fá því sína eigin námsskrá (að hluta til eða öllu leiti) sem er nefnd einstaklingsnámskrá. Hún er utan þessa plaggis og unnin í hverju tilviki fyrir sig í samráði við aðstandendur viðkomandi nemenda eftir því sem við á.



I. Íslenska, íslenska sem annað mál og íslenskt táknmál

A. Íslenska

I. I. Talað mál, hlustun og áhorf

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Framsögn:** Flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með við-eigandi talhraða, tónfalli, áherslum og fasi.
- **Tjáning:** Miðlað þekkingu sinni og reynslu, tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og fært rök fyrir þeim með fjölbreyttum leiðum.
- **Hlustun og áhorf:** Horft á, hlustað og tekið eftir upplýsingum í fjölbreyttu efni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnni hátt.
- **Áhorf:** Horft og tekið eftir upplýsingum í myndefni og greint og miðlað innihaldi þess á gagnrýnni hátt.
- **Nýting miðla:** nýtt sér fjölbreytta hljóð- og myndmiðla til upplýsingar og afþreyingar og tekið afstöðu til þess sem þar er birt.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Endursögn og samantekt efni
- Undirbúningur fyrir Stóru upplestrarkeppnina og spurningarkeppni miðdeildar
- Samvera á sal og framkoma fyrir áhorfendur
- Framsögn og flutningur munnlegs efnis
- PALS (hlustun, samtal og samvinnunám)
- Upplestur og framsögn bókmennta
- Bekkjafundir og samræðuæfingar
- Hlustun og virkt áhorf
- Tjáning og rökstuðningur eigin skoðana
- Nýting fjölmiðla (hljóð-, mynd- og stafræn miðlunarefni)

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Verkefni og æfingaefni fyrir Stóru upplestrarkeppnina
- Ýmsar ljóða- og sögubækur
- Námsfni frá kennara
- Myndefni
- Efni á vef

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun / Kennsluaðferðir

Í meginatriðum fer nám og kennsla í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hlustunaræfingar þar sem nemendur æfa sig í að hlusta með athygli og greina innihald t.d. á samveru.
- Framsögn og flutningur verkefna á heimasvæði, í samveru og á sal.
- Samlestur þar sem nemendur þjálf sig í framsögn og virkri hlustun.
- PALS – nemendur vinna saman í pörum og æfa sig í lestri og hlustun.
- Upplestur og kynningar á verkefnum eða niðurstöðum úr þemavinnu.



- Bekkjarfundir þar sem lögð er áhersla á skipulega frásögn, virka hlustun og samskipti
- Æfingar í líkamstöðu, raddbeitingu, blæbrigðum og framkomu, m.a. í tengslum við Stóru upplestrarkeppnina og Spurningarkeppni miðdeildar.
- Hlustunaræfingar.
- Kynningar á vinnu/niðurstöðum úr verkefnum/þema.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Allir nemendur fá tækifæri til að tjá sig og skoðanir sínar (á viðeigandi hátt) og á sínum forsendum. Einnig eru nemendur sérstaklega hvattir til að hlusta á aðra nemendur og taka tillit til skoðana og námsgetu.
- Námsefni er aðlagð að nemendum.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Upplestur og framsögn metin
- Mat á hæfni við að hlusta á aðra
- Mat á kynningu á efni
- Mat á samvinnuhæfni
- Símat
- Virkni

1.2. Lestur og lesskilningur

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Lesfimi:** Lesið texta við hæfi á nákvæman og sjálf-virkan hátt og með tjáningu sem sýnir skilning á til-gangi og merkingu texta.
- **Lestraraðferðir:** Beitt lestraraðferðum sem hæfa tilgangi og viðfangsefni hverju sinni.
- **Orðaforði:** Beitt fjölbreyttum orðaforða og fyrri þekkingu til að mynda samhengi og skilning í lestri og notað aðferðir til að ráða í merkingu ókunnra orða og orðasambanda.
- **Lesskilningur:** Skilið, fjallað um og dregið saman efni ólíkra texta, dregið ályktanir af efninu, greint og lagt mat á merkingu þeirra og tilgang á gagnrýnninn hátt.
- **Lestrarmenning:** Valið og lesið sér til gagns og ánægju fjölbreytta texta og miðlað áhuga sínum og skoðunum til annarra.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lesskilningur og markviss notkun lestraraðferða.
- Ljóðavinna og túlkun ljóða.
- PALS – samlestur og samvinna í lestri.
- Sögugerð og skapandi ritun tengd lesefni.
- Yndislestur – reglulegur lestur að eigin vali.
- Lestur þjóðsagna, ævintýra og annarra frásagna.
- Lestur á íslenskum og erlendum bókmenntum.
- Vinna með orðaforða, málshætti, hug- og orðtök.
- Hlustun og umræður um efni texta.
- Nýting stafræns lesefnis og fjölmiðla.



iii. Námsgögn og kennslufni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Trunt, trunt og tröllin (þjóðsögur)
- Ýmis ævintýri
- Málrækt 3 – þjálfun í málfræði og orðaforða.
- Orðspor 3 – stuðningur við orðaforða og orðnotkun.
- Skrift 7 – þjálfun í læsilegri rithönd og uppsetningu texta.
- Sögubækur af bókasafni
- Ljóðabækur
- Ýmis lesskilningsverkefni
- Ýmsar bækur til að nota við lestraraðferðina PALS

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun/kennsluaðferð

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Samlestur og gagnvirkur lestur, þar sem nemendur vinna saman að skilningi texta.
- PALS, sem þjálfar upplestur, hljóðlestur, lestrarnákvæmni og hlustun.
- Kynning á bókmenntum, bæði í formi upplestrar og myndefnis.
- Sóknarlestur, þar sem nemendur lesa texta og vinna síðan með spurningar eða verkefni.
- Verkefnavinna og hópastarf þar sem unnið er út frá textum og þemum.
- Leikir og skapandi verkefni sem tengjast lestri og orðaforða.
- Heimalestur, þar sem lögð er áhersla á reglulegan lestur og samræður um efni.
- Orð vikunnar – nemendur skrifa ný orð í stílabók, æfa endurtekningar og nota orðin í réttu samhengi til að efla orðaforða og skilning.

Kennslan er einstaklingsmiðuð eftir þörfum og getu nemenda. Nemendur fá stuðning í samræmi við lestrarfærni sína og notast við fjölbreyttar leiðir til að sýna hæfni sína, m.a. munnlega, skriflega eða í samvinnu við aðra:

- PALS-kennsluaðferðin hentar öllum nemendum, óháð því hvar þeir eru staddir í lestri, þar sem hún styður við einstaklingsmiðaða lestrarfærni og samvinnu. Sérkennari vinnur reglulega með afmarkaðan hóp nemenda til að styrkja grunnfærni í lestri.
- Lagt er upp með jafningjanám í stöðvavinnu þar sem áherslur eru mismunandi, t.d. lesfimi, orðaforði eða lesskilningur. Nemendur með slakan leshraða fá aukinn tíma til að undirbúa sig fyrir upplestur í skóla og stuðning við sjálfstraust í framsögn.
- Árganginum er reglulega skipt í jafningjahópa í lestri, þar sem unnið er með ólík verkefni og áherslur, meðal annars í lesskilningi og orðavinnu. Einnig er hvatt til lestrarátaks heima fyrir í samstarfi við foreldra til að efla reglulegan lestur og áhuga á bókmenntum.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Lesfimi, próf Menntamálastofnunar
- Mat á lesskilningi m.a. Orðarún sem skimun og önnur lesskilningspróf
- Kannanir, verkefni og próf
- Mat á framsögn
- Vinnusemi í heimalestri og lestri í skóla
- Virkni í tímum



I.3. Bókmenntir

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Lestur og túlkun bókmennta:** Lesið ýmsar bókmenntir og unnið með efni þeirra á fjölbreyttan hátt,
- **Bókmenntagreining:** Beitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði við umfjöllun um fjöl-breyttar bókmenntir.
- **Bókmenntaarfurinn:** Lesið einfalda texta frá fyrri tímum og áttað sig á því að þeir mótist af sögulegu samhengi.
- **Ljóð:** Notað einföld bókmenntahugtök í umræðu og vinnu með innihald og einkenni ljóða frá ólíkum tímum.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Lestur og umræður um fjölbreyttar bókmenntir, bæði íslenskar og erlendar.
- Vinna með efni bókmennta á skapandi hátt, t.d. í samtölum, leikrænni tjáningu eða ritunarverkefnum.
- Greining á efniviði bókmennta með einföldum bókmenntahugtökum (t.d. sögusvið, sögumaður, tími, persónur, viðhorf og viðfangsefni).
- Lestur texta frá fyrri tímum og umræður um sögulegt samhengi.
- Ljóðalestur og vinna með einkenni og myndmál ljóða.
- Ritunarverkefni, þar sem nemendur semja sögur, ljóð eða samtöl tengd bókmenntum.
- Endursögn texta og samantekt aðalatriða.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun/kennsluaðferð

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hugtakakort og gátlistar til að styðja við túlkun og samantekt texta.
- Upplstur og umræður í kennslustundum (sérstaklega um bókmenntatúlkun).
- Innlagir og kynningar á efni bókmennta.
- Einstaklings-, para- og hópavinna til að efla samvinnu og gagnrýna hugsun.
- Verkefnavinna og stöðvavinna til að þjálfa lesskilning og greiningu.
- Vinnubókarvinna og verkefni frá kennara sem styðja við bókmenntagreiningu.
- Valin bókmenntaverk úr íslenskum og erlendum bókmenntum við hæfi nemenda.
- Ljóð, þjóðsögur, ævintýri og aðrar sögur frá mismunandi tímum.
- Myndefni, stafrænt efni, hljóðbækur og vefefni tengd bókmenntum.

Kennslan er einstaklingsmiðuð eftir þörfum og getu nemenda og er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur fá stuðning við að vinna með texta á sínum forsendum, t.d. með umræðu, myndrænum verkefnum eða stutttri munnlegri framsetningu ef skrifleg vinna reynist erfið.
- Verkefni eru aðlöguð að hæfni og styrkleikum nemenda, og leiðbeiningar eru skýrar um væntingar og markmið.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Munnleg framsetning og þátttaka í umræðum.
- Greining á texta og túlkun, metin í hópum og einstaklingsvinnu.



- Virkni í samtölum og samvinnu (t.d. PALS, para, hópa- og einstaklingsvinna).
- Sjálfsmat og jafningjamat til að efla sjálfsskoðun og gagnrýna hugsun.
- Símat og leiðsagnarmat, þar sem kennari veitir endurgjöf á skilning og túlkun nemenda.

I.4. Ritun

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Skrift og frágangur:** Miðlað texta í gegnum sjálfvirka og læsilega skrift og fyrirhafnar-lausan innslátt á lykla-borð og gengið frá texta sam-kvæmt fyrirmælum.
- **Uppbygging texta:** Skrifað texta þar sem málsgreinar eru fjölbreyttar og texta er skipt upp í efnisgreinar.
- **Textategundir og málnotkun:** Skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir tilefni, viðtakendum og birtingarformi.
- **Tjáning í texta:** tjáð hugmyndir sínar, reynslu og sköpun í texta, metið, mótað og endurskrifað með hliðsjón af hjálpargögnum.
- **Stafsetning og greinamerkjasetning:** Beitt algengum atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og notað tiltæk hjálpargögn við hæfi.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Þjálfra læsilega rithönd og uppsetningu texta.
- Þjálfra helstu stafsetningarreglur með æfingum.
- Ritunarverkefni, t.d. ljóð, sögur og samtöl.
- Endurrita og draga út aðalatriði úr texta.
- Setja texta upp á snyrtilegan og skipulagðan hátt.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst er stuðst við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málrækt 3* – þjálfun í málfræði og orðaforða.
- *Orðspor 3* – stuðningur við orðaforða og orðnotkun.
- *Skrift 7* – þjálfun í læsilegri rithönd og uppsetningu texta.
- Hugtakakort og gátlistar til að skipuleggja ritun og meta eigin verk.
- Verkefni frá kennara til æfingar og framþróunar.
- Gagnvirkar stafsetningaræfingar.
- Fingrasetning á lyklaborði.
- Heimildavinna og vinnsla upplýsinga.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun/kennsluaðferð

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Hugtakakort.
- Upplestur.
- Innlagnir
- Einstaklings-, para- og hópavinna.
- Verkefnavinna.
- Vinnubókarvinna.
- Þjálfun fingrasetningar á lyklaborði.



Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Nemendur skila ritun eftir eigin getu, t.d. á tölvu, teiknimyndasögu eða talaðri sögu, með kröfum um innihald og uppbyggingu.
- Ritunarefni er aðlöguð hæfni nemenda.
- Nemendur vinna hluta verkefna sem bekkurinn fær sameiginlega.
- Aðgangur að hjálpargögnum í ritun og stafsetningu tryggður.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

- Umsögn um ritun út frá gátlista og hæfniviðmiðum.
- Stafsetningarkannanir og greining á frammistöðu.
- Mat á ritunarverkefnum, þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu, málnotkun og tjáningu.
- Þjálfun fingrasetningar og mat á nákvæmni og hraða.

I.5. Mál og málnotkun

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- **Einkenni málsins:** Beitt málfræðipækkingu sinni í umræðu um ýmis einkenni málsins og málnotkun sína.
- **Fjölbreytt málnotkun:** notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér fjölbreytt málsnið við orðmyndun, tal og ritun.
- **Sköpunarkraftur:** nýtt orðaforða sinn til að skapa ný orð og orðasambönd og notað þau í texta.
- **Orðflokkar:** Áttað sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra.
- **Orðtök og málshættir:** Notað algeng orðtök og málshætti í töluðu máli og rituðu og greint notagildi þeirra í texta.
- **Gögn og hjálpartæki:** Nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum í orðabókum og öðrum gagnabrunnum um tungumál.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðflokkgreining og vinnsla með málfræðihugtökum.
- Vinna með orðabækur, bæði á neti og í bókum.
- Orðskýringar og túlkun orðtaka og málshátta.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- *Málrækt 3* – þjálfun í málfræði og orðaforða.
- *Orðspor 3* – stuðningur við orðaforða og orðnotkun.
- Kennsluefni útbúið af kennurum.
- Hjálpargögn útbúin af kennurum.
- Valdir textar sem nemendur vinna með hverju sinni.
- Ýmis spil og verkefnatöl til að þjálfa orðaforða og málskilning



iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Innlagnir á málfræðihugtökum, orðflokum og einkenni þeirra.
- Margbreytileg vinna sem tengist þeim orðflokki sem unnið er með hverju sinni.
- Vinna í námsbókum og verkefnavinnu.
- Töflukennsla og beinar innlagnir.
- Endurtekniganám og þjálfun með hugtakakortum.
- Nemendur fá tækifæri til að nota hjálparspjöld og önnur stuðningstæki til að styðja við málfræðinám.
- Nemendur vinna að markmiðum árgangsins en einungis ákveðinn hluta af þjálfunarverkefnum.
- Aðferðir aðlöguð að þörfum og styrkleikum hvers nemanda.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat og stöðupróf.
- Virkni og þátttaka í kennslu.
- Verkefnavinna og þjálfunaræfingar.
- Mat á hæfniviðmiðum nemenda.
- Kannanir til að fylgjast með framförum.

B. Íslenska sem annað tungumál

Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er ætluð nemendum sem eiga ekki íslensku sem móðurmál og hafa engin eða lítil tækni á íslensku máli. Nemendahópurinn sem lærir íslensku sem annað tungumál er fjölbreyttur og námsþarfir hans að sama skapi mismunandi. Nemendur vinna að hæfniviðmiðum samkvæmt „íslensku sem annað tungumál“. Hæfnirammarnir þar skiptast í fjögur stig (forstig, 1. Stig, 2. stig og 3. Stig) og lýsa stigvaxandi hæfni nemenda í íslensku sem öðru tungumáli. Hæfnirammarnir miða ekki við aldur nemandans heldur hæfni og stöðu hans í máltiléinkuninni. Kennsluhættir og námsmat skulu vera fjölbreytt og taka mið af öllum hæfnisviðum þ.e. skilningi (hlustun og lestri) og tjáningu (talmáli og ritun). Þegar nemandi hefur náð færni á öllum stigum er gert ráð fyrir að hann geti, með stuðningi, unnið eftir sömu námsáætlun og nemendur með íslensku sem móðurmál.

I.6. Forstig

i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
 - Skilið einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt s.s. einfaldar spurningar og svör
 - Skilið mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs ofl.
 - Greint einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni
 - Skilið grunnorðaforða, orð á 1. þæpi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
- Lestur
 - Tengt íslensk málhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálfast í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi
 - Lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni



- Nýtt sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða
- Lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
 - Með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, Endurtekið og umorðað eftir þörfum
 - Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
 - Kynnt sig, heilsað, kvatt, og þakkað fyrir sig
 - Sýnt kunnáttu í grunnorðaforða, orð á l. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundum og heima
 - Tjáð á einfaldan hátt, hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni
 - Stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer
- Tjáning; ritun
 - Skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd
 - Þekkt íslenskan ritátt
 - Afritað orð og setningar
 - Skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært
 - Skrifað nafnið sitt
 - Teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók)

I.7. I. stig

i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
 - Skilið einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan, skólann, fjölskylduna og áhugamál ef talað er hægt og skýrt
 - Skilið að nokkru leyti leiðbeiningar og það mál sem notað er í kennslustofunni ef talað er hægt
 - Fylgt meginþræði og greinir upplýsingar í einföldum, kunnuglegum frásögnum með sjónrænum stuðningi og orðaforða sem hefur verið kenndur
 - Skilið grunnorðaforða, orð á l. þrepi: orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
- Lestur
 - Þekkt íslenska stafrófið og íslensku málhljóðin
 - Lesið og skilið einföld orð og setningar sem hafa verið kenndar
 - Nýtt sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða
 - Lesið og skilið einfalda texta af nokkurri lipurð
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
 - Með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum
 - Beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
 - Kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig
 - Sýnt kunnáttu á grunnorðaforða, orð á l. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima
 - Á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni
 - Með takmörkuðum orðaforða lýst hlut eða mynd með því að hafa undirbúið sig fyrirfram



- Tjáning; ritun
 - Skrifað stök orð og einfaldar setningar um sjálfan sig
 - Skrifað nafn sitt, heimilisfang og nafn skólans
 - Skrifað orð og orðasambönd til að lýsa hversdagslegum hlutum (t.d. lit eða stærð)
 - Skrifað einfaldar setningar til að lýsa atburðum í myndasögu
 - Fært dagbók sem lýsir daglegum athöfnum, fólki og stöðum í stuttum setningum
 - Sýnt grunnþekkingu á íslenskri málfræði og beitt henni í ritun

I.8. 2. stig

i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
 - Skilið dagleg samtöl, og umræður sem tengjast kunnuglegum aðstæðum einkum ef talað er skýrt
 - Skilið nákvæmar leiðbeiningar og fyrirmæli tengd námsgreinum
 - Skilið helstu atriði í kynningum, fræðslu og útskýringum með sjónrænum stöðum og skýrum dæmum
 - Sýnt grunnskilning á mikilvægum orðaforða námsgreina, þ.e. orðaforða á 2. og 3. þrepi (t.d. náttúru- og samfélagsgreinum).
- Lestur
 - Lesið og skilið texta almenns eðlis með orðaforða sem kemur oft fyrir í námi í skólanum
 - Lesið og skilið texta úr námefni með stuðningi lykilhugtaka, orðalista, mynda og annarra hjálpargagna
 - Getið sér til um merkingu einstakra orða út frá samhengi og áætlað merkingu setningar, ef hann þekkir efnið sem um ræðir
 - Fylgt söguþræði í stuttum sögum og frásögnum á einföldu máli
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
 - Tekið þátt í flestum daglegum samtölum án mikils stuðnings
 - Spurt einfaldra spurninga og nýtt til þess orð og setningar úr námsefninu og átt samskipti við samnemendur um námsefnið
 - Sagt frá áætlunum, venjum, daglegum athöfnum, liðnum atburðum og persónulegri reynslu
 - Flutt undirbúna kynningu um efni sem hann þekkir vel og svarað spurningum áheyrenda en gæti þurft að biðja um endurtekningu
 - Auðveldlega tjáð sig um það sem honum líkar/mislíkar
 - Lýst fólki, stöðum og hlutum á einfaldan hátt
- Tjáning; ritun
 - Skrifað einfaldan texta sem tengjast daglegum athöfnum, persónulegum högum, líðan, áhugamálum og viðhorfum með stuðningi hjálpargagna
 - Skrifað stuttar lýsingar á atburðum, fyrri viðfangsefnum og reynslu
 - Svarað spurningum tengdum náminu skriflega með viðeigandi stuðningi orðalista og lykilorðavinnu
 - Búið til stutta kynningu í skýrslu eða á veggspjaldi um efni tengt náminu með myndum og stuttum textum
 - Skrifað stuttar, einfaldar frásagnir, t.d. inngang að sögu eða framhald af sögu með stuðningi hjálpargagna
 - Sýnt fram á grunnþekkingu í íslenskri málfræði og beitt henni í ritun



I.9. 3. stig

i. Hæfniviðmið

Við lok stigs geti nemandi:

- Hlustun
 - Skilið nokkuð auðveldlega daglegar samræður í tengslum við áhugasvið og annað í kunnuglegu umhverfi
 - Skilið megininntak í umræðum og fræðslu um viðfangsefni ýmissa námsgreina
 - Skilið megininntak kynninga og fræðslu í ýmsum námsgreinum og efni í fjölmiðlum sem höfðar til hans og er á skýru máli
 - Sýnt fram á nokkuð góða þekkingu á námsorðaförða á 2. og 3. þrepi, til skilnings sem samsvarar aldri barnsins og því sem gera má ráð fyrir að jafnaldrar hafi þekkingu á
- Lestur
 - Fylgt meginhugmynd og rökum í texta almenns eðlis og getið sér til um merkingu orða út frá samhengi texta
 - Lesið texta námsbókanna með viðeigandi stuðningi (orðalista, orðabóka og mynda)
 - Fundið lykilupplýsingar í texta og safnað upplýsingum úr ýmsum textahlutum til að leysa verkefni
 - Lesið einfaldar skálsögur í fullri lengd
- Tjáning; talað mál, samskipti og frásögn
 - Tekið þátt í tiltölulega löngum samtölum um efni sem er til umræðu ef viðmælandi gerir sér far um að sýna skilning og koma til móts við nemandann
 - Tekið þátt í umræðum um viðfangsefni hinna ýmsu námsgreina
 - Tekið þátt í samræðum um áhugamál og frístundir í raun- og netheimum, tjáð skoðanir og rökstutt þær
 - Útbúið og flutt kynningu á efni sem hann þekkir og svarað spurningum ef þær eru orðaðar skýrt
 - Tjáð, að mestu, skoðanir sínar á skýran hátt
 - Sagt í smáatriðum frá atburðum, viðbrögðum við þeim og lýst reynslu
- Tjáning; ritun
 - Skrifað samfelldan texta um margvísleg efni og tengt efnisgreinar í línulega, rökrétta heild með viðeigandi tengiorðum, (þótt textinn sé ekki málfræðilega réttur)
 - Skrifað óformlegan og formlegan texta t.d. á samfélagsmiðlum. Getur hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang
 - Tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaförða
 - Tjáð skriflega skoðun sína á námsefni, kvikmyndum, bókum eða sjónvarpsþáttum með viðeigandi orðaförða
 - Skrifað námsritgerðir og notar námsorðaförða með viðeigandi stuðningi orða og orðabóka
 - Gert grein fyrir reynslu, lýst tilfinningum og viðbrögðum í samfelldum texta. Getur skrifað samfellda sögu, með upphafi átburðarás og sögulokum
 - Sýnt fram á breiðan grunn í íslenskri málfræði og beitir henni í ritun

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Námsbækur: Einmitt – lærum íslensku, Orð eru ævintýri. Þetta reddast, Íslenska nýja málið mitt I og 2, Ritrún I, 2, 3, Kæra Dagbók I, 2 og 3, Hitt og þetta (lestrar- og vinnubók), Íslenska





fyrir alla 1 og 2, Íslenska vísar veginn, Þjálfunarhefti (matur, dýr, húsbúnaður ofl.), Tölum saman, Orðagull, Markviss málörvun, Leggðu við hlustir.

- Spil: Sagnorðaspilið, Fallorðaspilið, Orðasjóður (flettisþjöld og útprentanlegt efni af vef), Íslenski máhljóðakassinn.
- Smáforrit og vefir: Vefir af heimasíðu Menntamálastofnunar (mms.is), tungumálatorg.is, ord.ruv.is, Smábókaskápurinn (vefsíða), skolavefur.is, Málið er mark (vefsíða), Út fyrir bókina (vefsíða) smáforrit s.s. grahpogame, .
- Annað: Kpals., Gpals, verkefni frá kennara, Orðaforðalisti MMS, samtalsþjöld, ýmis málfræðiverkefni.

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Einstaklingskennsla
- Kennsla í litlum hópum
- Á heimasvæði árgangs eða ÍSAT veri

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Vinnubækur við hæfi hvers og eins
- Spil og leikir
- Umræður
- Lestur bóka sem hæfa hverjum og einum

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Leiðsagnarmat
- Stöðumat
- Próf



2. Erlend tungumál

2.1. Enska

i. Hæfniviðmið

- Hlustun
 - skilið talað mál og frásagnir um efni tengt námi hans og daglegu lífi, brugðist við þeim og nýtt sér í námi sínu.
 - Fylgt þræði í efni við hæfi á margvíslegum miðlum og nýtt í námi sínu.
- Lesskilningur
 - Fundið lykilupplýsingar í texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
 - Skilið megininntak rauntexa og unnið úr efni þeirra.
 - Lesið og skilið auðlesið efni og hugtök tengt öðrum námsgreinum.
 - Lesið og skilið texta við hæfi sem innihalda algengan orðaforða.
- Samskipti
 - Tekið þátt í óformlegu samtali um áhugamál sín og daglegt líf.
 - Bjargað sér við algengar aðstæður og notað almennar kurteisís- og samskiptavenjur.
- Frásögn
 - Tjáð sig um reynslu sína og skoðanir og brugðist við einföldum spurningum.
 - Undirbúið og flutt frásögn eða kynningu og brugðist við einföldum spurningum.
 - Beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
- Ritun
 - Skrifað texta af mismunandi gerðum með inntak og lesanda í huga.
 - Beitt grunnreglum málfræði og stafsetningar nokkuð rétt og skapað samhengi í texta.
 - Samið einfalda texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.
 - Lýst atburðarás eða reynslu með orðaforða sem unnið hefur verið með.
- Menningarläsi
 - Sýnt að hann þekkir til ýmissa þátta sem einkenna menningu og daglegt líf.
 - Sett sig í spor fólks á viðkomandi málsvæði og gert sér grein fyrir hvað er líkt eða ólíkt með hans eigin aðstæðum.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Nemendur vinna markvisst að því að byggja upp góðan grunn í ensku.
- Aðaláherslan er á að auka orðaforðann (bæði hversdagslegan og formlegan) og vinna með hann.
- Farið verður í lesskilning, hlustun, málfræði og ritun.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Action lesbók
- Yes We Can Lesbók og Workbook 5
- Málfræðiæfingar B
- Málfræðiæfingar
- Spjaldtölva
- Verkefni frá kennara



- Ýmis tónlist, þættir og kvikmyndir

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla fram á eftirfarandi hátt:

- Til að þjálfá skilning á mæltu máli er notast við samtalsæfingar, hlustanir og stafrænt margmiðlunarefni.
- Ritun er þjálfuð með fjölbreyttum verkefnum sem tengjast viðfangsefni hverju sinni.
- Lesskilningur er æfður allt frá upphafi í samlestri, paralestri og mikilli æfingu á orðaforða.
- Til að þjálfá frásögn og samskipti vinna nemendur verkefni þar sem þeir eiga að efla sig í að tala um reynslu, skoðanir sínar eða framtíðaráform. Einnig þjálfast þau í að geta talað við algengar aðstæður á ferðalögum.
- Til að þjálfá menningarläsi skoða nemendur Bandaríkin og vinna verkefni sem sýnir staðsetningu landsins og fleira menningartengt.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Munnleg próf
- Virkni
- Mat á hæfniviðmiðum

2.2. Danska

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- Hlustun og áhorf
 - skilið algeng orð, einföld fyrirmæli og frásagnir og brugðist við þeim
 - fylgt meginþræði í einföldu efni sem höfðar til barna og unglinga
- Lestur og Lesskilningur
 - fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu
 - skilið megininntak einfaldra rauntexa með stuðningi ef þarf,
 - lesið stutt og auðlesið efni tengt öðrum námsgreinum,
 - lesið og skilið stutta texta með grunnorðaforða daglegs lífs.
- Frásögn
 - tjáð sig á einfaldan hátt um sjálfan sig og líf sitt,
 - undirbúið og flutt einfalda frásögn eða kynningu um efni sem hann þekkir vel,
 - beitt málinu með nokkuð eðlilegum framburði og áherslum.
- Samskipti
 - spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst,
 - tekist á við aðstæður í skólastofunni í einföldum samskiptum,
- Ritun
 - skrifað einfaldan texta með orðaforða úr efnisflokkum sem fengist er við,
 - byggt upp einfaldar setningar, stafsett algeng orð og notað algeng greinarmerki
 - skrifað á einföldu máli um efni sem hann þekkir vel,
 - samið stutta texta frá eigin brjósti.
- Menningarläsi
 - sýnt að hann þekkir til ýmissa sérkenna menningarsvæðisins,
 - gert sér grein fyrir mismunandi siðum og hefðum á viðkomandi málsvæði,



ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Orðaforði, frásögn og samskipti
- Lesskilningur
- Ritun
- Hlustun
- Menningarlæsi
- Náms hæfni

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Smart lesbók og Smart vinnubók
- Smil Lesbók og vinnubók
- Ritunar- og lestrarverkefni frá kennurum
- Hlustun
- IPad
- Ýmsir danskir þættir og kvikmyndir

iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Í kennslustundum verður unnið markvisst með alla færniþætti. Nemendur lesa texta, vinna orðaforðaverkefni, vinna með ritun og taka þátt í samræðum. Unnið er með endursögn og málnotkun með fjölbreyttum hætti.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Innlögn frá kennurum
- Taka mið af forsendum nemenda og stöðu sem málnotendur þar sem almenn reynsla þeirra, skilningur á nærumhverfi og umheimi er dregið inn í kennsluna sem og menningarlegur margbreytileiki.
- Fjölbreytni við skipulag kennslunnar, s.s. einstaklingsnám, samvinnunám, paravinna, félagakennsla og hópvinna

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Símat
- Munnleg próf
- Glósupróf
- Mat á hæfniviðmiðum
- Virkni





3. List- og verkgreinar

A. hluti - listgreinar:

3.1. Sviðslistir – leiklist

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- skrifað handrit að stuttu leikverki þar sem grunnreglum er beitt við uppsetningu leikhandrits fyrir svið eða myndmiðla,
- sagt frá ferlinu við uppsetningu leiksýningar, helstu störfum sem unnin eru baksviðs í leikhúsi og lýst algengum sviðsbúnaði,
- nýtt sér efni úr ýmsum áttum sem kveikju við frumsköpun leikins efnis. Skapað leikþætti í félagi við aðra með skýrum persónum, söguþræði og framvindu,
- nýtt sér leikmuni, búninga, einfaldan sviðsbúnað og tækni til að styrkja sköpun sína,
- beitt fleiri en einu formi leiklistar,
- sýnt fram á tók á fleiri en einum leikstíl í eigin sköpun, túlkun og greiningu,
- flutt leiktexta í hlutverki á viðeigandi hátt fyrir framan áhorfendur,
- skapað skýra leikpersónu og viðhaldið henni í stuttum leikþætti með viðeigandi radd- og líkamsbeitingu.
- rætt um leikið efni á sviði og í myndmiðlum út frá fleiri en einu sjónarhorni og sett það að einhverju leyti í samhengi við eigið líf og samfélag,
- sýnt viðeigandi hegðun og borið virðingu fyrir vinnu annarra sem áhorfandi í skólastarfi, á sýningum eða leiklistarviðburðum,
- nýtt sér hugmyndir jafningja og lagt fram sínar eigin í leikrænu ferli og við undirbúning og sköpun leikþátta.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Unnið er með sjálfsmýnd, samvinnu, félagsvitund og tilfinningar með aðferðum leiklistarinnar.
- Farið er í margs konar æfingar og leiki sem þjálfá einbeitingu, líkamsvitund, samskipti, framkomu, rödd, rýmisskynjun, samvinnu og tillitssemi við aðra.
- Unnið er með efnivið úr lífi nemenda og ímyndunarafls, ævintýrum eða þjóðsögum
- Unnið er með kyrrmyndir, spuna og aðrar aðferðir leiklistarinnar út frá efniviðnum
- Gerð eru stutt leikrit sem nemendur sýna í kennslustund eða taka upp

iii. Námsgögn og kennsluefni

Þau námsgögn sem helst stuðst er við í kennslunni og nemandi þarf að nýta sér við námið eru:

- Leikmunir
- Búningar
- Spil
- Tónlist
- Veraldarvefurinn
- Ýmsar bækur tengdar leiklistinni
- Efni frá kennara
- iPad



iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan í skóla og heima (utan skóla) fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram í leiklistarstofu
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru sex kennslustundir á viku í u.þ.b. 6 vikur (16-17 skipti).
- Náms hópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við nemendur að læra út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum m.a. í framsetningu og ástundun.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi varðandi:

- Þátttaka í kennslustundum/verkefnum.
- Vinnusemi.
- Vönduð vinnubrögð.
- Umgengni og frágangur.
- Framkoma.
- Hvert verkefni og verkþættir eru metnir ásamt frammistöðu í tímum

3.2. Sjónlistir - myndmennt

i. Hæfniviðmið

Við lok árgangs geti nemandi:

- notað mismunandi efni, verkfæri, miðla og tækni, á skipulagðan hátt í eigin sköpun,
- nýtt sér grunnþætti myndlistar í eigin sköpun,
- byggt eigin listsköpun á hugmyndavinnu tengdri ímyndun, rannsóknum og reynslu,
- unnið hugmynd frá skissu að lokaverki bæði fyrir tví- og þrívíð verk.
- tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu,
- fjallað um eigin verk og annarra í samtali við aðra nemendur.

ii. Viðfangsefni í náminu

Meginviðfangsefnin í námsgreininni eru:

- Listastefnur
- Uppstilling, myndbygging, hlutföll, birta.
- Litafræði: áhrif lita, litatónar, skyggingar.
- Leirmótun. Unnið eftir vinnuteikningum nemenda.
- Fjarvidd með einum hvarfpunkti.
- Túlkun: nemendur æfa sig markvisst í að ræða um eigin verk og annarra í virku samtali og geti rýnt til gagns.
- Túlkun. Nemendur geti rætt um eigin verk og annarra í virku samtali og geti rýnt til gagns.

iii. Námsgögn og kennsluefni

Fjölbreytt myndlistarefni; pappír, pappi, mismunandi teikniáhöld, litir, leir og verkfæri. Einnig bækur, skyggnur og margmiðlunarefni, valið og útbúið af kennara.



iv. Námsfyrirkomulag og námsaðlögun

Í meginatriðum fer námið og kennslan, í skóla og heima (utan skóla), fram á eftirfarandi hátt:

- Kennslan fer fram á myndmenntasvæði skólans.
- Námsgreinin er kennd í smiðjum. Kenndar eru sex kennslustundir á viku í u.þ.b. sex vikur (16-17 skipti).
- Náms hópar eru blandaðir innan árgangs.

Í náminu er eftirfarandi námsaðlögun beitt til að styðja við að nemendur læri út frá eigin forsendum og að námið komi þeim að sem mestu gagni:

- Í smiðjum er lögð áhersla á að hver nemandi fái tækifæri til að vinna viðfangsefni á sínum forsendum.

v. Námsmat og námsmatsaðlögun

Aðferðir og vinnubrögð sem liggja til grundvallar námsmatinu í námsgreininni eru eftirfarandi:

